

## Setning *Þórir Ingason*

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er nú haldin í 17. sinn.

Ástæða þess að við komum saman aftur og aftur er einfaldlega sú að það er alltaf nægur áhugi, sem lýsir sér í þátttöku, í þetta sinn eru skráðir um 210 þátttakendur og hefur þátttakan verið að aukast undanfarin ár. Einnig höldum við okkur við gamla formið með hefðbundnum fyrirlestrum með glærum. Eina frávikið frá síðustu tveimur árum er að það er ekki kosið til Alþingis á morgun.

Það er rannsóknasjóður Vegagerðarinnar, sem er grundvöllur fyrir þessu ráðstefnuhaldi, en ráðstefnunni er ætla að sýna brot af niðurstöðum þeirrar vinnu sem sjóðurinn styrkir. Grundvöllur sjóðsins var tryggður í vegalögum sem tóku gildi 1. janúar 2008 og eru enn í fullu gildi. Þar var tekið fram, í 23. grein, að verja ætti 1,5% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn stofnunarinnar. Við setningu ráðstefnunnar fyrir ári síðan var nefnt að í framsetningu fjárlaga væri ekki lengur rætt um markaðar tekjur og þannig ekki hægt að slá fram tölum með hliðsjón af lagagreininni. Hins vegar er staðan nú sú, að í fimm ára samgönguáætlun (2019-2023), sem er til umræðu í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er tekið fram að 150 milljónum króna af rekstrarfé Vegagerðarinnar verði árlega varið í rannsóknir. Þetta er svipuð upphæð og sjóðurinn hefur haft úr að spila undanfarin ár, þannig að starfsemin er væntanlega tryggð næstu fimm ár samkvæmt þessu.

Á dagskrá ráðstefnunnar eru 20 erindi. Við byrjum reyndar á erindi sem halda átti fyrir ári síðan, um Grímsvötn og svo fíkrum við okkur gengnum verkefni tengd siglingasviði stofnunarinnar, mannvirkjum, umferðröryggi og umhverfis og samfélagsmálum. Seinasta erindið er um samgöngur og jafnrétti og hvernig staða kvenna er innan samgöngugeirans. Ekki kannski beint tengt því en, eins og flestum er kunnugt er nýr forstjóri Vegagerðarinnar Bergþóra Þorkelsdóttir og er hún fyrsta konan til að gegna þessu æðsta embætti stofnunarinnar. Því miður gat hún ekki verið hér í dag, er stödd í Noregi með fólki úr samgönguráðuneytinu að kynna sér gjaldtöku af umferð meðal annars. En hún biður fyrir kveðjur og óskar okkur góðs gengis í dag.

Auk erindanna eru nokkur veggspjöld hangandi hér frammi, auk skjákynninga um nokkur rannsóknaverkefni frá verkfræðistofunni Eflu. Hvatt er til að fólk kynni sér þetta efni í kaffi- og matarhléum. Einnig er minnt á að glærur sem hér verða sýndar, mun verða að finna á vefsíðu Vegagerðarinnar að ráðstefnunni lokinni, auk stuttra ágripa fyrirlestranna.

Að venju stýrir upplýsingarfulltrúi Vegagerðarinnar, G.Pétur Matthíasson, ráðstefnunni.